




Tap ferðapjónustufyrirtækja nam 105 mö.kr. árið 2020

Tap af rekstri ferðapjónustunnar í fyrra nam 104,6 mö.kr. fyrir skatta samkvæmt ársreikningagögnum Hagstofunnar yfir fyrirtæki í einkennandi greinum ferðapjónustunnar. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum var þetta versta rekstrarár í sögu íslenskrar ferðapjónustu en heimsfaraldurinn lék ferðapjónustu í heiminum grátt á síðasta ári. Erlendum ferðamönnum fækkaði mikið hér á landi og hvers kyns samgöngutakmarkanir leiddu til þess að mörg ferðapjónustufyrirtæki sáu þann eina kost að loka tímabundið og sum lögðu upp laupana.


Árið 2019 var hagnaður fyrir skatta 3,2 ma.kr. og má helst rekja umskiptin í afkomu til mikils tekjusamdráttar. Tekjur ferðapjónustunnar námu 278,2 mö.kr. á síðasta ári borið saman við 627,3 ma.kr. árið áður og drógust því saman um 349 ma.kr., eða 56% milli ára. Leita þarf aftur til ársins 2009 til að finna lægri tekjur en þá námu þær 257,2 mö.kr. Tekjutapið milli ára skýrist fyrst og fremst af mikilli fækkun erlendra ferðamanna. Tapið skýrist þó einnig að hluta til af því að einhver félög lögðu upp laupana á síðasta ári og skiluðu því ekki ársreikningi. Þannig var fjöldi ársreikninga í þýði Hagstofunnar 4.340 fyrir árið 2020 en 4.670 fyrir árið 2019. Mikið var um tímabundnar lokanir hjá ýmsum fyrirtækjum, s.s. hótélum. Á meðan tóku þau ekki á móti ferðamönnum og urðu því af einhverjum tekjum af þeim sökum.

Rekstrarkostnaður dróst einnig verulega saman

Rekstrarkostnaður dróst einnig verulega saman sem dró úr áfallinu á rekstur félaganna. Vöru- og hráefnisnotkun dróst saman um 58% eða ívið umfram tekjusamdráttinn. Þarna er um að ræða breytilegan kostnað sem fylgist náíð að við tekjur. Launakostnaður lækkaði um 38% og annar rekstrarkostnaður um 46%. Þessi tveir kostnaðarliðir drógust því minna saman en sem nam tekjusamdrættinum. Launþegum í greininni fækkaði úr rúmlega 28 þúsund í rúmlega 19 þúsund, eða um 31%. Meiri samdráttur í launakostnaði en sem nam hlutfallslegri fækkun starfsfólks skýrist m.a. af þeim aðgerðum sem stjórnvöld gripu til hvað



Heimild: Hagstofa Íslands



Heimild: Hagstofa Íslands



vinnumarkaðinn varðar. Þar má nefna hlutabótaleiðina sem gerði fyrirtækjum kleift að minnka starfshlutfall og þar með laun starfsfólks og Atvinnuleysistryggingarsjóður greiddi síðan starfsmanninum það sem upp á vantaði upp að ákveðinni upphæð. Í nýlegri [könnun](#) sem Ferðamálastofa lét vinna fyrir sig kemur fram að 60% fyrirtækja í ferðaþjónustu hafi nýtt sér hlutabótaleiðina og að yfir helmingur hafi nýtt sér hvers kyns styrki sem boðið var uppá til að létta undir með greininni, s.s. tekjufallsstyrk, viðspyrnustyrk og ráðningarstyrk.


Aukinn fjármagnskostnaður skýrist af veikingu krónunnar

Fjármagnskostnaður jókst verulega, um 13,2 ma.kr. eða 94%. Aukinn fjármagnskostnað má að töluverðu leyti rekja til þess að umtalsverður hluti lána ferðaþjónustunnar er í erlendri mynt. Gengi krónunnar var 10,4% veikara í árslok 2020 en 2019 og skýrir veiking krónunnar því aukinn fjármagnskostnað að nokkru leyti. Krónan hefur styrkst á árinu og er nú 3,2% sterkari en hún var við síðustu áramót. Sú styrking mun hafa jákvæð áhrif á þróun fjármagnskostnaðar fyrirtækjanna. Mörg lána ferðaþjónustunnar eru þó enn í frýstingu hjá lánastofnunum sem hefur létt byrðina við að standa í skilum.


Mun betri rekstur á þessu ári og bjartsýni á framhaldið

Gera má ráð fyrir að reksturinn hafi gengið mun betur á þessu ári en því síðasta. Kemur þar fyrst og fremst til aukinn fjöldi erlendra ferðamanna. Í [könnun](#) Ferðamálastofu kemur fram að reksturinn í ferðaþjónustu gekk mun betur í sumar en í fyrrasumar. Þannig sögðu 76% fyrirtækjanna að veltan í sumar hefði verið nokkuð eða mikið meiri í sumar en á sama tímabili í fyrra. Athyglisvert er að ríflega þriðjungur fyrirtækjanna voru með meiri rekstrarhagnað í sumar en sumarið 2019. Hjá fimmtungi fyrirtækja var rekstrarhagnaðurinn svipaður. Fyrirtækin líta nokkuð bjartsýnum augum fram á veginn. Þannig telja rúmlega 80% fyrirtækja að eftirspurn af hendi erlendra ferðamanna muni aukast á næsta ári. Flestir búast við töluvert mikilli fjölgun erlendra ferðamanna á næsta ári. Við spáum


Nýting á stuðningsaðgerðum stjórnvalda



Fjármagnskostnaður sem hlutfall af meðalstöðu langtímalána



Rekstrarhagnaður sumarið 2021 miðað við 2019





Því að um 1,5 milljónir erlendra ferðamanna sæki landið heim á næsta ári.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.